



Spáum 3,9% verðbólgu í janúar

Hagstofan birtir janúarmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) þriðjudaginn 26. janúar. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,42% lækkun milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkan verðbólgu úr 3,6% í 3,9%.


VNV hækkaði um 0,20% milli mánaða í desember, en opinberar spár lágu á bilinu +0,1% til +0,33%. Við höfðum spáð +0,33%.

Helstu undirliðir:

- **Áfengi og tóbak** hækka vegna [hækkunar á áfengis- og tóbaksgjaldi](#) um áramótin.
- **Föt og skór** hafa lækkað í kringum 11% milli mánaða í janúar síðustu ár vegna janúarútsala. Við gerum ráð fyrir að lækkunin milli mánaða verði svipuð núna.
- **Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu** hækkar meðal annars vegna [hækkana á sorphirðugjaldi](#). Auk þess gerum við ráð fyrir að viðhaldskostnaður hækki vegna sammingsbundinna launahækkana um áramótin.
- Við teljum að áhrif húsnæðisverðs á **reiknaða húsaleigu** verði um 0,6 prósentustig til hækkunar og áhrif vaxtabreytinga verði 0,5 prósentustig til lækkunar. Samantekið spáum við því að reiknuð húsaleiga hækki um 0,1%.
- **Húsgögn og heimilisbúnaður** hafa lækkað í kringum 5% milli mánaða í janúar síðustu ár vegna janúarútsala. Við eigum von á því meiri lækkun í ár. Auk þess má búast við að áhrif þessara lækkana á heildarvísitöluna verði meiri í ár en í fyrra vegna þess að vægi þessa liðar í vísitölunni hefur hækkað milli ára.
- Samkvæmt verðmælingu okkar hækkaði **bensín og díselolía** um 3% milli mánaða. Leggst hér á eitt að krónan hefur veikst, heimsmarkaðsverð á olíu hefur hækkað og að bensín- og olíugjald hækkaði um áramótin.
- Eftir að Covid-19-faraldurinn skall á hefur Hagstofan haldið **flugfargjöldum til útlanda** nær óbreyttum. Við eigum von á að svo verði

	Vægi í VNV	Breyting	Spá Áhrif
Matur og drykkjarv.	15,1%	0,1%	0,01%
Áfengi og tóbak	2,4%	1,2%	0,03%
Föt og skór	3,6%	-10,9%	-0,39%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,9%	1,4%	0,20%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	0,1%	0,02%
Húsgögn og heimilisb.	5,7%	-5,3%	-0,30%
Heilsa	4,3%	-0,1%	-0,01%
Ferðir og flutningar (annað)	4,5%	0,4%	0,02%
Kaup ökutækja	6,1%	-1,9%	-0,11%
Bensín og díselolía	3,2%	3,0%	0,09%
Flugfargjöld til útlanda	1,4%	1,0%	0,01%
Póstur og sími	1,4%	-0,5%	-0,01%
Tómst. og menning	10,1%	-0,6%	-0,06%
Menntun	0,5%	0,7%	0,00%
Hótel og veitingast.	5,0%	0,7%	0,03%
Aðrar vörur og þjónusta	6,5%	0,7%	0,04%
Alls	100,0%		-0,42%

Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



áfram þar til flug til og frá landinu kemst aftur í eðlilegra horf.

- **Menntun** hækkar meðal annars vegna [hækkunar á leikskólagjöldum í Reykjavík](#).

Eigum von á að verðbólgan lækki næstu mánuði

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Feb: +0,52% milli mánaða, 3,5% ársverðbólga
- Mars: +0,37% milli mánaða, 3,7% ársverðbólga
- Apr: +0,13% milli mánaða, 3,3% ársverðbólga

Helstu óvissuþættir

Helstu óvissuþættir í spánni eru:

1. Gengi krónunnar

Evran kostar núna 2,3% meira en í verðkönnunarviku desembermánaðar og Bandaríkjadalur 1,9%. Í verðbólgu spá okkar gerum við ráð fyrir að krónan haldist stöðug næstu mánuði. Ef krónan veikist mun það að öðru óbreyttu þýða hærri verðbólgu en við spáum. Eins ef krónan styrkist, mun verðbólgan líklega verða lægri en við spáum.

2. Húsnæðisverð og áhrif vaxtabreytinga


Vaxtalækkunar virðast hafa ýtt undir verðhækkunir á húsnæði. Við gerum ráð fyrir að sú þróun haldi áfram næstu mánuði, þ.e. að íbúðaverð hækki áfram milli mánaða. Mælingar Hagstofunnar á markaðsverði húsnæðis hafa sveiflast talsvert milli mánaða sem veldur óvissu um stakar mælingar.

Samkvæmt okkar útreikningum eiga áhrif vaxtalækkana síðasta árs enn eftir að koma fram í reiknaðri húsaleigu fram eftir ári. Áhrifin verða áfram töluverð á allranæstu mánuðum en svo munu þau minnka þegar fram í sækir.


3. Heimsmarkaðsverð olíu

Heimsmarkaðsverð olíu lækkaði verulega þegar heimsfaraldurinn skall á. Frá lokum októbermánaðar hefur olíuverð hins vegar hækkað. Þrátt fyrir þessa hækkun er olíuverð enn lægra en fyrir heimsfaraldurinn. Fari olíuverð aftur í svipuð gildi mun það skila sér í herra eldsneytisverði hér á landi.


Verðbólguþáttur



Gengisþróun



Mánaðarbreyting VNV





4. Alþjóðleg verðbólga

Útlit er fyrir að verðbólga í helstu viðskiptalöndum okkar verði áfram lág, sem ætti að hjálpa til við að halda verðbólgu hér á landi í skefjum. Verði raunin önnur mun það að öðru óbreyttu þýða meiri verðbólgu en við gerum ráð fyrir.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.